

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3362

Rekstraraðili Háskóli Íslands kt: 6001692039	Tegund starfsemi Erfðabreyttar lífverur	Starfsleyfisnúmer: UOS-2025-L005-01 Gildistími starfsleyfis 10.3.2041
Starfsstöð Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði Keldur	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 12. júní 2026
Starfstöðvarnúmer: 184	Eftirlitsmaður Kjartan Guðmundsson	Útgáfudagur skýrslu 07.07.2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Stefán Ragnar Jónsson	Líffræðingur

Niðurstaða eftirlits

Ekkert frávik kom fram við eftirlitið og engin ábending var sett fram.

Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í afmörkunarflokki I og II.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3)

Síðasta eftirlit fór fram 14. mars 2024 og leiddi í ljós eitt frávik er varðaði starfsemi án leyfis. Frávikinu hefur verið lokað og gefið hefur verið út nýtt leyfi til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í afmörkunarflokki I og II.

Í eftirlitinu var farið var yfir umfang starfseminnar og hvort einhverjar breytingar hefðu orðið eða væru fyrirhugaðar. Rekstraraðili staðfesti að starfsemin væri óbreytt. Allur úrgangur sem fellur til við framleiðsluna er skráður og fer í gufusæfi fyrir förgun. Aðgangur að byggingunni er takmarkaður og skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga eru til staðar. Þjálfun starfsfólks er í föstum skorðum og fá nýir starfsmenn annars vegar kynningu á starfseminni og hins vegar sértæka þjálfun varðandi sín verkefni. Vinnubækur eru til staðar og notaðar í samræmi við leyfi.

Lagagrunnur eftirlits

Umhverfis- og orkustofnun annast eftirlit með afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera og lífvera, sbr. 2. mgr. 5. gr. I. nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur. Um nánari framkvæmd vísast til reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera og reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Umhverfis- og orkustofnun skal hafa óhindraðan aðgang að starfsemi, þ.m.t. aðgang að öllum skjölum og efni sem máli skipta, sbr. 24. og 25. gr. I. nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Um veitingu og afturköllun leyfa fer skv. 1. og 4. mgr. 5. gr. laganna. Ákvarðanir er varða veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sæta kæru til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 29. gr. I. nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Um beitingu þvingunarúrræða vísast til 32. gr. laganna. Athygli er vakin á að brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta varðað sektum eða fangelsi, sbr. 33. gr. I. nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirlit og vegna eftirfylgni eftirlits, sbr. 3. og 4. tölul. 1. mgr. 26. gr. I. nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, sbr. 1. gr., sbr. og 19. gr., sbr. og 22. gr. gjaldskrár fyrir verkefni og þjónustu Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1033/2025.